

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Heiðargerði-Melgerði og Sunnugerði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Breytingin felst í því að svæði fyrir opinberar stofnanir (þjónustustofnanir) austan Heiðarvegur stækkar til austurs að Melgerði og til suðurs að lóðum við Sunnugerði og opið svæði, merkt Ú5 útivistarsvæði, minnkar sem því nemur. Einnig stækkar íbúðarsvæði norðan Sunnugerðis að Melgerði og til vesturs til móts við tengigötu að Austurvegi og við þá breytingu minnkar svæði fyrir opinberar stofnanir og opið svæði sem nemur stækkun íbúðarsvæðisins.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.